

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2014
Tilvísun: 2014110024/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál.

Orkustofnun vísar til erindis Nefndasviðs Alþingis, dags. 13. nóvember sl., þar sem þess er óskað að Orkustofnun gefi umsögn um þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál.

Orkustofnun fagnar því að umhverfi raforkuflutnings og -dreifingar sé gert skýrara þar sem ólíkar skoðanir ríki um lagningu raflína. Orkustofnun ber að fara að lögum við leyfisveitingu á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga en í 1. mgr. sömu greinar er skýrt kveðið á um að flutningsfyrirtækinu beri að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Með þingsályktunartillögunni er Orkustofnun gert kleift að samþykkja leyfisumsóknir sem hafa einnig önnur sjónarmið að markmiði en getið er í fyrrgreindu ákvæði laganna. Þannig sé hægt að byggja kerfið upp og styrkja eins og þörf er á með hæfilegum tilkostnaði fyrir notendur kerfisins.

Með þingsályktunartillögunni er grundvöllur leyfisveitinga skýrari og telur stofnunin með þessu aukið á gagnsæi í aðdraganda slíkra framkvæmda.



Virðingarfyllst

Guðni A Jóhannesson
Orkumálastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
Lögfræðingur